



Styrkir til nemenda á framhaldsstigi háskólanáms

Landsvirkjun auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna meistara- eða doktorsverkefna

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins. Fyrirtækið býður viðskiptavinum bestu lausnir í orkumálum og tryggir með því grundvöll nútíma lífsgæða.

Landsvirkjun fæst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála. Það er helsti raforkuframleiðandi landsins og er í forystu fyrir byggingu orkuvera sem hafa í gegnum tíðina verið meðal stærstu framkvæmda í landinu. Landsvirkjun rekur umfangsmikla fjármálastarfsemi á alþjóðamarkaði vegna fjármögnunar á verkefnum fyrirtækisins.

Hjá Landsvirkjun starfa rúmlega 200 manns með fjölbreytta menntun. Dótturfélög eru þrjú talsins og er Landsnet þeirra stærst. Þá á Landsvirkjun hlutdeild í mörgum félögum, innlendum og erlendum, á sviði orkumála, fjarskipta, ráðgjafar og framkvæmda.

Landsvirkjun stefnir að því á hverjum tíma að vera í fararbroddi í framsækinni nútíma stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Á hverju ári veitir Landsvirkjun styrki til nemenda á framhaldsstigi háskólanáms sem eru að vinna að lokaverkefnum í meistara- og doktorsnámi. Á árinu 2007 verður varið allt að **4 milljónum** króna í námsstyrki og verður styrkjunum úthlutað í apríl næstkomandi. Hver styrkur verður að lágmarki **400 þúsund** krónur.

Markmiðið með námsstyrkjunum er að efla menntun og hvetja til rannsókna á hinum margvíslegu sviðum sem tengjast starfsemi Landsvirkjunar. Umsækjendur eru sérstaklega hvattir til að kynna sér hina fjölbreyttu starfsemi Landsvirkjunar á vefsíðu fyrirtækisins. Styrkjunum er ætlað að standa undir hluta af kostnaði við lokaverkefni sem hafin eru eða munu hefjast á árinu 2007.

Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á verkefninu, meðmæli leiðbeinanda og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist starfsemi Landsvirkjunar. Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, merktum: „**Námsstyrkir Landsvirkjunar 2007**“.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um styrkveitinguna og starfsemi Landsvirkjunar er að finna á vefsíðu Landsvirkjunar, www.lv.is.

Fyrirspurnir má senda á netfangið styrkir@lv.is.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2007.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.